



ASKJA

Bílaumboðið ASKJA ehf.

Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili  
Mercedes-Benz og Kia Motors á Íslandi

# Réttindi viðskiptavina Öskju

## Hvernig get ég óskað eftir afriti af eða eyðingu á persónuupplýsingum mínum og hvernig legg ég fram kvörtun?

Samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins og íslenskum persónuverndarlögum getur þú óskað eftir afriti af persónuupplýsingum þínum ef þær eru unnar af Öskju. Þú þarft ekki að borga gjald fyrir þessa beiðni nema að hún eigi sér bersýnilega enga stoð eða sé óhófleg. Askja mun gera allt sem á sínu valdi stendur til að bregðast við beiðni þinni innan 30 daga frá móttöku.

Beiðni þín verður að vera skrifleg og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn, tölvupóstfang og póstfang.
- Upplýsingar um beiðni þína.
- Upplýsingar sem auðvelda okkur að finna þær upplýsingar sem þú ert að óska eftir t.d.:
  - Bílnúmer og dagsetningar.
  - Tölvupóstfang, símanúmer eða aðrar tengiliðaupplýsingar þínar.

Að auki biðjum við þig um að leggja fram:

- Undirskrift þína og dagsetningu beiðninnar.
- Ef þú ert að sækja um fyrir hönd annars aðila þarf undirritað umboð frá aðilanum.

Og sýna:

- Afrit af skilríkjum útgefnum af opinberum stjórnvöldum svo sem vegabréf eða ökuskírteini. Þetta er nauðsynlegt svo að við getum staðfest hver leggi fram beiðnina.

### Vinsamlegast sendu beiðni þína til:

Persónuverndarfulltrúi  
Bílaumboðið Askja  
Krókhálsi 11,  
110 Reykjavík  
Ísland

### Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar. Kvörtun má senda skriflega til:

Persónuvernd  
Rauðarárstígur 10  
105 Reykjavík  
Ísland